



Fundargerð hreppsráðs 2.apríl 2020

Fundur nr. 14 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 02.apríl 2020 á Teams kl 08:00.

Mætt til fundar: Íris Grímsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sat fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, starfandi sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

a. FFPD stjórnarfundur 10.2

Hreppsráð samþykkir að borga hlut Vopnafjarðarhrepps að upphæð 40.000 kr inn í FFPD skv lið 3 í fundargerðinni. Samþykkt samhljóða.

b. FFPD stjórnarfundur 9.3

Lagt fram til kynningar.

c. 880. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27.3

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál

a. Stefna Vopnafjarðarhrepps í íþróttá- æskulýðs og tómstundamálum 2020-2026

Hreppsráð vísar erindinu til næsta sveitarstjórnarfundar með tilliti til þeirra breytinga sem ræddar voru á fundinum. Samþykkt samhljóða.

b. Minnisblað frá Austurbrú – Menningarstyrkir til jaðarsvæða

Hreppsráð vísar erindinu til Menningarmálanefndar og felur nefndinni og verkefnastjóra frístunda-, æskulýðs og fjölmeningarmála að vinna málið áfram með starfsmanni Austurbrúar og koma með útfærðar tillögur til hreppsráðs. Samþykkt samhljóða.

c. Covid-19 upplýsingagjöf

Lagt fram til kynningar.

d. Borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila

Lagt fram til kynningar.

e. Viðspyrna af hálfu sveitarfélaganna

Lagt fram til kynningar.

f. Erindi frá Maríu Björk hjá N4

Hreppsráð samþykkir að leggja 500 þúsund krónur + vsk í þetta verkefni. Samþykkt samhljóða.

3. Bréf til sveitarstjórnar

a. Bréf frá Unicef – Barnvænt samfélag

Erindi félags- og barnamálaráðherra og Unicef lagt fram þar sem Vopnafjarðarhreppur er hvattur til að hefja formlegt innleiðingarferli á samningi Sameinuðu þjóðanna um barnvænt samfélag. Hreppsráð tók vel í erindið og ræddi þann möguleika að ráðast í samstarf við Unicef um innleiðingu á hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga sem byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga út um allan heim frá 1996. Íslenska líkanið byggir jafnframt á efni frá umboðsmönnum barna í Noregi og Svíþjóð og UNICEF í Finnlandi. Verkefnastjóra æskulýðs- frístunda og fjölmeningarmála er falið að semja við Unicef um ráðgjöf og innleiðingu á barnvænu samfélagi í Vopnafjarðarhreppi í samráði við skólastjórnendur og aðra sem að málinu koma. Samþykkt samhljóða.

b. Bréf frá Stapa – Kröfur Vopnafjarðarhrepps vegna lífeyrissjóðsiðgjalda Vopnafjarðarhrepps til Stapa

Lagt fram til kynningar.

c. Bréf frá Jóni Bjarna Kristjánssyni

Lagt fram til kynningar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 10:31.